



# Tillögur Hafnasambands Íslands að breytingum á hafnalögum nr. 61/2003

Kynning á hafnafundi 2023

Flosi H. Sigurðsson, lögfræðingur hjá  
Sambandi íslenskra sveitarfélaga

**Hvernig voru gömlu hafnalögin?**



# Inngangur – hvers vegna þarf að breyta hafnalögum?

Núgildandi hafnalög frá 2003, en í þeim var litið til danskra hafnalaga.

Hafnalögin gagnast sveitarfélögum og höfnum vel en annmarkar komið í ljós á gildistíma þeirra.

Ákvæði sem varða hafnir og skyldur hafna eru dreifð um ýmsa lagabálka í stað þess að vera eingöngu í hafnalögum.

Heimildir til álagningu þjónustugjalda eru talin upp með tæmandi hætti.

Að frumkvæði hafnasambandsins var ákveðið að leggjast í heildarendurskoðun hafnalaga en Gísli Gíslason, fyrrv. stjórnarformaður hafnasambandsins lagði drög að tillögunum sem rædd hafa verið á vettvangi stjórnar hafnasambandsins.

# Tillögur – Nýtt markmiðsákvæði

## 1. gr. Gildissvið

- Lög þessi taka til allra hafna sem notaðar eru til afgreiðslu og þjónustu skipa, afgreiðslu á vörum, ökutækjum og farþegum og við löndun á fiski.

## 1. gr. Gildissvið og markmið

- Lög þessi taka til allra hafna sem notaðar eru til afgreiðslu og þjónustu skipa, afgreiðslu á vörum, ökutækjum og farþegum og við löndun á sjávarafurðum. Hafnir á Íslandi eru mikilvægur hluti samgöngukerfis og þjóðaröryggisstefnu. Markmið laganna er að tryggja flutningaöryggi með vörur til og frá landinu, örugga móttöku, viðlegu og brottför skipa og báta og nauðsynlega þjónustu í höfnum.

# Tillögur – Breyting á ákvæðum um skipulag hafnarsvæðis

5. gr. Skipulag hafnarsvæðis og leyfi til mannvirkjagerðar	Tillaga að breytingu
<ul style="list-style-type: none"><li>• Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnar. Hafnarstjórn gerir tillögu um skipulag hafnarsvæðis til skipulagsnefndar eða sveitarstjórnar að höfðu samráði við Vegagerðina um gerð þess. Viðkomandi sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi fyrir nýjum hafnarvmannvirkjum.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnar. <b>Við gerð strandsvæðaskipulags skal taka fullt tillit til aðal- og deiliskipulags hafnarsvæða.</b> Hafnarstjórn gerir tillögu um skipulag hafnarsvæðis til skipulagsnefndar eða sveitarstjórnar að höfðu samráði við Vegagerðina um gerð þess. Viðkomandi sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi fyrir nýjum hafnarmannvirkjum.</li></ul>

# Tillögur – Skilgreiningar mismunandi svæða innan hafnar

- Fleiri atriði sem skilgreina þarf í hafnarreglugerð – 2. og 3. tölul.
  2. Skilgreining á siglingaleiðum til og frá höfn.
  3. Skilgreining á afmörkuðu hafsvæði þar sem hafnsöguskylda er fyrir hendi.
- Mörk hafnarsvæða á landi og sjó
  - Tillaga um nýtt ákvæði í hafnalög – II. Kafli B.
  - Í grunninn felst í nýjum kafla hafnalaga flokkun mismunandi hafnarsvæða í fjóra flokka:
    - innri höfn
    - ytri höfn,
    - hafnsögusvæði
    - Siglingaleiðir

# Tillögur – Nýjar skilgreiningar

- Nýjar skilgreiningar í 3. gr. hafnalaga

5. Rekstur hafnar merkir í lögum þessum þau verkefni hafnarsjóðs á hafnarsvæðum sem falla undir starfsemi hafnar til þess að tryggja öryggi og þjónustu.
6. Hafnarsjóður merkir fjárhagslega einingu, sem í samræmi við lög heldur utan um eina eða fleiri hafnir og/eða hafnarsvæði.
8. Sjávarafurðir eru sjávarafli, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þ.m.t. eldisfiskur og eldisseiði, skrápdýr, liðdýr og lindýr, sem og afurðir sem eru unnar að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla eða sjávargróðri.
10. Siglingaleið er í lögum þessum skilgreind siglingaleið samkvæmt hafnarreglugerð, þar sem hafnarstjórn getur sett kvaðir á staðsetningu búnaðar og mannvirkja.
11. Öryggissvæði er í lögum þessum afmarkað svæði á landi eða sjó þar sem umferð er takmörkuð eða bönnuð.
12. Innra hafnarsvæði er í lögum þessum svæði innan skjólgarða eða hafnargarða, hafnarmannvirki og aðliggjandi landsvæði, sem skilgreint er í aðalskipulagi sem hafnarsvæði. Svæðið fellur undir ákvæði laga um viðbragð gegn bráðamengun samkvæmt lögum varnir gegn mengun hafs og stranda.
13. Ytra hafnarsvæði er í lögum þessum það svæði utan innri hafnarsvæðis, þar sem skip geta haft viðlegu við bólfæri og lúta gjaldtöku hafnar.
14. Hafnsögusvæði er samkvæmt lögum þessum það svæði sem skilgreint er í hafnarreglugerð sem hafnsöguskýlt svæði.

# Tillögur – Starfsheimildir hafna

## 13. gr. Starfsheimildir hafna

- Hafnir sem falla undir 1. og 2. tl. 11. gr. starfa einar eða í samvinnu við aðrar hafnir að eftirfarandi:
  - Annast hefðbundna hafnarstarfsemi *svo sem að* byggja, reka, viðhalda og endurnýja hafnarmannvirki sem og rekstur hafntengdrar atvinnuaðstöðu, þ.e. leigu á landi, húsum, búnaði og tækjum, upptökumannvirkjum í því skyni að þjóna skipum og fyrirtækjum á hafnarsvæðum sem sinna þjónustu við skip, farþega og farm.
  - Annast rekstur hafntengdrar þjónustu, þ.e. hafnsögubjónustu, festarþjónustu, vigtarþjónustu, sorphirðu, hafnarvernd, sölu vatns og rafmagns og sambærilega þjónustu er lýtur að skipum og aðstöðu á landi.
  - Undir rekstur hafna fellur einnig rekstur þjónustumiðstöðva á hafnarsvæðum.



# Tillögur – Rafræn vöktun o.fl.

- Rafræn vöktun í höfnum
  - Tillaga til þess að skýr heimild sé sett í lög fyrir stjórn hafnar til þess að viðhafa rafræna vöktun á hafnarsvæði.
- Aðskilnaður á rekstri hafnarsjóða og eigenda hafna

*20. gr. Skattskylda, rekstur og endurskoðun.*

Tekjum og eignum hafnar sem rekin er skv. 1. og 2. tölul. 8. gr. má einungis verja í þágu hafnarinnar. Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum af hafnarmannvirkjum. Eigendur hafnar bera ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.

*20. gr. Skattskylda, rekstur og endurskoðun.*

**Fjárhagur hafna, sem falla undir skilgreiningu 25. gr. laganna skal vera aðskilinn fjárhag eiganda.**

Tekjum og eignum hafnar sem rekin er skv. 1. og 2. tölul. 11. gr. má einungis verja í þágu hafnarinnar. Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum af hafnarmannvirkjum. Eigendur hafnar bera ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs.

# Tillögur – Arðgreiðslustefna

- Arðgreiðslustefnur hafna sem ekki teljast til opinbers reksturs

## 19. gr. Stjórn og rekstur.

Rekstrarform hafnar samkvæmt þessum kafla fer eftir ákvæðum 3. tölul. 8. gr. Stjórnir hlutafélaga og einkahlutafélaga fara með valdsvið hafnarstjórna. Höfn sem rekin er skv. 3. tölul. 8. gr. er aðeins heimilt að greiða arð til eigenda sinna eftir að fé hefur verið lagt til hliðar í fullnægjandi viðhald og endurnýjun hafnarinnar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð hennar sem sett er skv. 4. gr.

## 25. gr. Stjórn og rekstur

Rekstrarform hafnar samkvæmt þessum kafla fer eftir ákvæðum 3. tölul. 11. gr. Stjórnir hlutafélaga og einkahlutafélaga fara með valdsvið hafnarstjórna. Höfn sem rekin er skv. 3. tölul. 11. gr. er aðeins heimilt að greiða arð til eigenda sinna eftir að fé hefur verið lagt til hliðar í fullnægjandi viðhald og endurnýjun hafnarinnar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð hennar sem sett er skv. 4. gr. **Arður til eigenda skal ákveðinn samkvæmt arðgreiðslustefnu og ekki nema hærri fjárhæð en 50% af reglulegri starfsemi.**

# Gjaldtöku í höfnum breytt

- Í tillögu hafnasambandsins er gert ráð fyrir töluverðri breytingu á heimildum til innheimtu gjalda vegna þjónustu hafna.
- Tekjur hafna skulu „að lágmarki standa undir rekstri hafnar“, þ.m.t. fjármagnskostnaði, afskriftum, kostnaði við endurnýjun hafnar og stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun hafnarinnar.
- Lögð til heimild til þess að gjaldskrár taki mið af umhverfissjónarmiðum með vísan til orkunýtni eða kolefnisnýtni sjóflutninga.
- Eigandi eða eigendur hafna eiga að setja sér gjaldskrárstefnu.

# Gjaldtöku í höfnum breytt - hafnagjöld

- Einföldun á innheimtu þar sem fyrst er kafli sem ber heitið hafnargjald þar sem gjaldtöku er skipt í 7 flokka:
  - Skipagjöld (sem skiptast í bryggju- og lestargjöld). Gjöldin miðast við stærð skipa, dvalartíma og veitta aðstöðu.
  - Vörugjöld og hafnar- og farmverndargjöld. Gjöldin má miða við þyngd vöru og farms eða miða við gámaeiningar.
  - Farþegagjald og gjald fyrir bifreiðar sem ekið er um borð eða frá borði í ferju.
  - Hafnsögugjöld og gjöld fyrir þjónustu hafnarbáta.
  - Lóðarleiga og leigugjald fyrir svæði til lestunar og losunar á vöru.
  - Aflagjald af sjávarafurðum sem umskipað er, lestað eða losað í höfnum. (Að hámarki 3% af aflaverðmæti).
  - Gjald vegna meðhöndlunar úrgangs og farmleifa frá skipum. Skylda til innheimtu gjalds. Gjaldtaka miðað við fjölda skipverja, farþega um borð, lengd sjóferðar og stærð skips.
  - Eldisgjald af eldisfiski í sjókvíum, að hámarki 3% af heildarverðmæti eða miðað við þyngd eldisfisks.

# Gjaldtöku í höfnum breytt – önnur gjöld

- Almenn heimild til hafna að innheimta önnur gjöld fyrir veitta þjónustu. Í framkvæmd hefur ákvæði hafnalaga um gjaldtöku verið til trafala þar sem ekki hefur verið hægt að innheimta gjöld fyrir alla þjónustu sem veitt er.
- Í dæmaskyni eru nefnd:
  - Leyfis- og geymslugjöld.
  - Gjöld vegna endursölu á orku og vatni.
  - Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs.
  - Vigtargjöld.
  - Kranagjöld.
  - Umsýslugjöld.
  - Gjald vegna veittrar þjónustu starfsmanna hafna.

# Gjaldtöku í höfnum breytt – ábyrgð á greiðslu

- *22.gr. Ábyrgð á greiðslu gjalda.*
- Eigandi skips, útgerð skips, skipstjóri og umboðsmenn skips eru samábyrgir fyrir greiðslu hafnargjalda samkvæmt 21. gr. 1. tölul., stafliðum a, c, d, g og h.
- Eigandi skips, útgerð skips, skipstjóri og eigandi vöru eru samábyrgir fyrir greiðslu hafnargjalda samkvæmt 21. gr, 1.tölul. staflið b.
- Eigandi skips, útgerð skips, skipstjóri og kaupandi afla eru samábyrgir fyrir greiðslu hafnargjalda samkvæmt 21. gr, 1.tölul. staflið f.
- Skráður eigandi fasteignar samkvæmt lóðarleigusamningi eða afnotasamningi lóðar er ábyrgur fyrir greiðslu hafnargjalda samkvæmt 21. gr, 1.tölul. staflið e.
- Skráður kaupandi þjónustu samkvæmt 21. gr. 2. tölul. er ábyrgur fyrir þjónustukaupum af höfn.

# Næstu skref

- Hafnasambandið hefur fengið vilyrði fyrir fundahöldum með ráðuneytinu til þess að ræða heildarendurskoðun hafnalaga.
- Stjórn hafnasambandsins fagnar frekari athugasemdum við hafnalög og atriði sem þurfi að endurskoða í hafnalögum umfram það sem farið hefur verið yfir hér í dag.



Takk kærlega fyrir áheyrnina